

STJÓRNARFUNDARGERÐ – STARFSÁRIÐ 2019-20

99.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn í husakynnum Heimavalla, Lágmula 6, 24. mars 2019 klukkan 14:30.

Mættir: Þórunn Lilja Vilbergsdóttir (ÞLV) – varaformaður
Alex Cambray Orrason (ACO) – gjaldkeri
Aron Friðrik Stefánsson (AFS) – meðstjórnandi
Auðunn Jónsson (AJ) – meðstjórnandi
Guðbrandur Sigurðsson (GS) – meðstjórnandi

Fjarverandi: Gry Ek (GE) – formaður
Inga María Henningsdóttir (IMH) – ritari

Dagskrá: 1) Umsókn til afrekssjóðs.
2) Stuðningur við afreksfólk.
3) Skipun í nefndir.
4) Ráðning starfsmanns.
5) Önnur mál.

ÞLV setti fundinn og stýrði í fjarveru formanns. Fundargerð ritar GS.

1) Umsókn til afrekssjóðs: Afrekssjóður greindi KRAFT frá því nýlega að styrkur afrekssjóðs ÍSI vegna verkefna árið 2019 yrði 15,6 mkr sem er líðlega 2 mkr lægri styrkur en sambandið hafði sótt um. Í kjölfarið átti GS fund með Andra hjá afrekssjóði og kom þeim upplýsingum sem komu fram á þeim fundi til ACO sem uppfærði áætlun KRAFT til afrekssjóðsins í samræmi við styrkveitinguna.

ACO sendi uppfærða áætlun á alla stjórnarmenn fyrir fundinn og fór ítarlega yfir hana á sjálfum fundinum. Samkvæmt þessari áætlun er ger tráð fyrir að gjöld sambandsins vegna afreksmála á árinu 2019 verði 39,4 mkr. Tekjur sambandsins skiptast svo þannig eigin tekjur eru 24,0 mkr (61%) og styrkur afrekssjóðsins 15,6 mkr (39%). Mikilvægt er að allir gerir sér greint fyrir því að um áætlun er að ræða sem getur tekið breytingum eftir því sem líður á starfsárið. Það var mat ACO og GS að áætlunin ætti að vera nokkuð nákvæm fyrir utan þann lið sem eru styrkir til sambandsins en að þessu sinni er gert ráð fyrir að slíkir styrkir verði 4,0 mkr á þessu rekstrarári. Sambandinu hefur gengið illa að fá öfluga styrktaraðila til að styðja við bakið á sambandinu en því er nokkuð þröngt stakkur búinn því að ekki vill sambandið taka fyrir hendur félaganna eða keppenda sjálfra. Ljóst er að þetta verður veigamikil verkefni fyrir sambandið á líðandi starfsári.

Að lokum var umsókn KRAFT til afrekssjóðsins borinn undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða af öllum mættum stjórnarmönnum í ljósi framanlagðra gagna.

2) Stuðningur við afreksfólk: Það er markmið stjórnar Kraft að bæta stuðning við framúrskarandi íþróttafólk og afreksfólk í greininni. Rætt var um mikilvægi þess að styrkir til þessa hóps yrði í samræmi við afrek þeirra í greininni. Mikilvægt er að styrkirnir séu mánaðarlegt framlag til þeirra sem þeirra njóta.

Stjórnin ákvað að skipta árinu í tvö styrktímabil þ.e. fyrri hluta og síðari hluta og miða við að greiða eins háa styrki til þessa hóps og forsenda væri fyrir í ljósi áætlanagerðar og væntra tekna.

AGO mun tala við afreksfólkið og greina þeim frá niðurstöðu fundarins. Styrkþegum verður greint frá væntum styrkjum á síðari hluta ársins ekki síðar en í júní 2019.

3) Skipun í nefndir: Búið er að ganga frá skipun í allar nefndir nema mótanefnd. Þórunn heldur áfram með málið.

4) Ráðnings starfsmanns: Rætt var um verkefni starfsmanns og möguleika á að fleiri en eitt samband myndu samnýta starfsmann. Það er áhugavert að gera það til lengri tíma litið en á sambandinu hvíla nú þegar ýmis verkefni sem þarf að sinna og því var ákveðið að veita formanni sambandsins, GE, umboð til að ræða við mögulegan starfsmann sem hafði verði kynntur fyrir stjórnarmönnum varðandi 20-30% starfshlutfall sem skrifstofumaður.

GS bað um að eitt af þeim verkefnum sem nýr starfsmaður myndi sinna væri að kortleggja aðstöðu allra félaganna (hvar húsnæðið er, stærð, búnaður, eigandi húsnæðisins, kostnaður við húsnæðið, tilligg frá bæjarfélagi o.s.v.frv). Þetta er mikilvæg tölfræði sem gæti gagnast félaginu vel til að berjast fyrir góðri aðstöðu á nýjum þjóðarleikvangi sem er nokkuð í umræðunni þessa stundina.

5) Reglugerðir: PLV greindi frá vinnu sem hún og GE hefðu lagt í að yfirfara gildandi reglugerðir og gera tillögu um úrbætur. Lögð voru fram tillögur að nýrri reglugerð um Heiðursviðurkenningar og um Félagsaðild og voru þær samþykktar.

6) Önnur mál: GS greindi frá málþingi sem afreksnefnd ÍSÍ stóð nýlega fyrir með öllum sérsamböndunum (nema KSÍ) þar sem kom fram mikill áhugi á að samböndin öll myndu auka samstarf sín á milli (t.d. samnýting á starfskröftum á skrifstofu, einföldun á skipulagningu ferðalaga o.s.v.frv) sérstaklega varðandi að tala fyrir öflugum nýjum íþróttakjarna sem væri í takt við þær kröfur sem gerðar eru. Stefnt er að því að samböndin öll gangi frá ályktun sem lögð verður fyrir íþróttarþing ÍSÍ þann 3. og 4. maí næstkomandi.

Fleiri mál ekki rædd og fundi slitið kl 16:40.

Ritari – Guðbrandur Sigurðsson.